

Fundur haldinn í framkvæmdaráði um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, miðvikudaginn 12.06. 2019.

Fundurinn haldinn í fundarsal Blönduósbæjar kl. 20.30.

Mætt: Þorleifur Ingvarsson, Dagný R. Úlfarsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Jón Gíslason.

Fundargerð ritaði Þorleifur Ingvarsson

Fram kom að boðað hefur verið til aukabings Sambands íslenskra Sveitarfélaga 6. september nk. Þar verða tillögur um framtíðarskipulag sveitarstjórnarstigsins í landinu kynntar og teknar til umræðu.

Á fundi sameiningarnefndar Austur Húnavatnssýslu frá 4. febrúar sl. var niðurstaðan að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna á síðari hluta yfirstandandi kjörtímabils og verði sameining samþykkt þá taki sameiningin gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2022.

Fundarmenn voru sammála um að markviss þurfi að vinna að undirbúningi málsins og kom hugmynd fram um að ráðinn verði verkefnisstjóri sem hafi það hlutverk leiða vinnuna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf nú á haustdögum. Samþykkt var að útfæra þessa hugmynd og leggja fyrir næsta fund sameiningarnefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið klukkan 21.30.